Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 19

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Rakel Magnúsdóttir

Skrifstofu Árnessýslu
að
Gerdiskoti 15. nóv. 1886.

Í tilefni af heidrudu bréfi ydar, herra bæjarfógeti af 19. f. m. vidvíkjandi sveitfestu Rakelar Magnúsdóttur læt ég ydur hér med vita að ég samkvæmt tilmælum ydar hefi tilkynnt hlutadeigandi hreppsnefnd málefnið og frá oddvita hennar 8. þ. m. fengið svohljóðandi bréf:

„Um leið og ég hér með leyfi mér að senda til baka bréf bæjarfógetans í Reykjavík 19. f. m. og útskrift af réttarhaldi hans vidvíkjandi sveitfestu Rakelar Magnúsdóttur skal ég ekki undanfella að láta í ljósi þá viðurkenningu, að Hjörtur Guðmundsson hafi verið búinn að ávinna sér sveit í Hraungerdishreppi þegar hann um vorið 1868 fluttist úr honum búferlum suður í Hvaleyrarhverfi. En þareð ekki verður séð af ádurnefndu réttarhaldi hvaða ár Rakel fluttist til Reykjavíkur,

B. J. No. 823/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og skýrsla hennar er ekki áreiðanleg, hvorki að því er aldur snertur (hún er nú 70 ára en ekki 75) né að því, hve lengi hún hefir dvalið á hverjum stað til 1868; þá leyfir undirskrifuð hreppsnefnd sér að óska, að nákvæm og áreiðanleg skýrsla verði útveguð um það hversu lengi hún hafi dvalið á hverjum stað síðan 1868 og hvenær maður hennar hafi dáið, því fyr en það er sannað að hún á nefndum tíma hafi hvergi áunnið sér framfærslurétt, getur nefndin ekki kannast við að hún sé orðin hér sveitlæg".

Um leið og ég tilkynni yður þetta, hr. bæjarfógeti, get ég ekki leitt hjá mér að geta þess, að samkvæmt lífshlaupinu, sem ég hefi í höndum frá yður, er Rakel Magnúsdóttir búin að dvelja í Reykjavík 12 ár (minnst 11 ár) og sé þetta rangt, er heldur ekkert hægt að marka eða byggja á þessu lífshlaupi, sem yfir höfuð virðist að vera reikandi og óákveðið í alla staði. Eg get því ekki láð hreppsnefndinni í Hraungerðishreppi, þó hún ekki vilji taka að sér kellinguna fyr en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

einhver betri grundvöllur, en sá hérnefndi, er lagður fyrir hennar lífsklaupi, því sé það álitið gilt og gott verður það Reykjavík en ekki Hraungerðishreppur, sem er hennar framfærslusveit, og sé þessu mótmælt, sé jeg ekki önnur ráð, en að slá striki yfir lífsklaupið í það heila tekið, sem ruglaðu og ómerku.

Með virðingu.

H. Bjarnason

Til

bæjarfogetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/10

Svarað 13/10

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef herra Bæjarfógetans frá 10. þ.m. viðvíkjandi þeim 123.63 kr. sem fátækrasjóður Reykjavíkur skuldar Garðahreppi fyrir styrk, veittan Páli sál. Pálssyni og ekkju hans Valgerði Guðmundsdóttur, sendi jeg ávísun þá, sem mjer var send, að upphæð 92.50 kr., oddvita hreppsnefndarinnar í Bessastaðahreppi og enn sendi jeg hjer með ávísanina, áteiknaða af honum, að hann ekki að svo stöddu greiði upphæð þá, sem hún hljóðar uppá.

Þar sem herra Bæjarfógetinn vísar á 5 kr. hjá Garðahreppi, sem á að vera styrkur, veittur Rakel Magnúsdóttur, þá skil jeg ekki að það hafi við neitt að styðjast. Maður Rakelar, Hjörtur Guðmundss., var aldrei í Garðahreppi; kom hann austan úr Árnessýslu í Álptaneshrepp árið 1868, en dó 30. apríl 1872. Eptir það var ekkja hans 2 eða 3 ár í Álptaneshreppi en aldrei í Garðahreppi.

Jafnframt og jeg leyfi mjer að svara, að mjer framvegis verði hlíft við að innheimta hjá öðrum hreppum það sem fátækrasjóður Reykjavíkur kann að eiga útistandandi, verð jeg að krefjast þess, að þær 97,50 kr., sem enn eru ógreiddar af ofannefndri skuld, verði greiddar mjer hið allra fyrsta. Vil jeg að hinu leytinu geta þess, að ef fátækrasjóðurinn vildi borga upphæð þessa til Konsúls dr. Zimsens í Reykjavík, uppí kostnað með Halldóri Beintainssyni, og senda mjer kvittun hans, þá mundi jeg kvitta fyrir skuldina alla.

Görðum, 12 okt. 1884,

Þórarinn Böðvarsson

Bþj. 763/84 Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gegn þessari áritun minni mætti hern. oddvitanum í Bessastaðahreppi þóknast að greiða til oddvitans í Garðahreppi 92 kr. 50 a., er fyrnefndur hreppur skuldar fátækrasjóði Reykjavíkur fyrir legu- og útfarar-kostnað Elísabethar Jónsdóttur (sbr. Amts-úrskurð 24. Maí þ.á.)

Bæjarfógetinn í Reykjavík 10/10 1884.

E. Th. Jónassen

ad Bfj 763/84

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því að hreppsnefnd Bessastaðahrepps er eigi kunnugt, að hreppurinn skuldi neitt fátækrasjóði Reykjavíkur fyrir Elisabet Jónsdóttir, verð jeg að svo stöddu að neita að borga á vísan þessa. Bessastaðahreppi 11 oktober 1884

Magnús Þorsteinsson
oddviti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

foreldrar minir byggja í
Miklholtshellir 8 ár fluttust
þangad vorid 1842.
firsta árid fæddist þeim dóttir
1 sem hjet Katrin um vetur
nætur 1842. dó 6 vikna
2 Herdís firsta fæddist í Midgárdi
heitin eptir födur ömmu
1843 dó í 13 v. sumars 1849
6 ára úr höstugni barna veiki
3 Katrin önnur fædd Sunnu daginn
fædd eptir mödur ömmu
í 11 v. sumars 1844 dó 1849
5 ára úr barnveikinni 13 v. sumars
daginn eptir og Herdís dó hún
um midmunda enn hin um Nátt
mál dagin eptir (þá dóu 4 börn á 14 dög
4 Gudm. ~~firsti~~ fæddur 1847 }
~~Audbjörg fædd 1845~~ } ~~tvíbur~~an
á Fardaga föstu dagin 1847
dó í 14 v. sumars 1849 úr barna
veikinni
5 Audbjörg fædd sama dag og
Gudm. (vóru tvíburar) dó 6 vikna
6 Sigurdur fæddur 1848 á þorra
dó Missirs gamall úr barna veikinni
í 14 viku sumars 1849
um vorid 1850 fóru foreldrar

ÁrBj 578-85
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að Stakkands húsum þar
vóru þau í 3 ár,
7 ~~Gudmundar annar fæddur~~ þar fæddust
5 júlí 1850
8 Magnus fæddur í bv. sum. 1851
dó sængurvikuna
9 ~~Einar fæddur 3 október 18~~
1853 fluttust foreldrar mínir
að Móskól og vóru þau 15 ár
þar fæddust
9 Einar fæddur 3 október 1853
10 Hjörtur fæddur
dó viku gamall 1855
11 Herdís önnur fædd 5 júlí 1858
1 fluttust foreldrar mínir
að uppsölum í Sömu sökn
vóru þar 2 ár þadann fluttu
þau 1868 suður að Hvalgró
við hafnarfjörð bjuggu þar saman
1 4 ár þá dó faðir minn í
1 Mái 1872 bjuggu als saman
30 ár sedann bjó Móðir
min eptir það ekkja á Hvaleiri
9 ár svo í ár á Álftanesi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

53
15
---
68

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumaðurinn
í
Árness-sýslu

Kunngjörir: að hjónin Hjörtur Gudmundsson og Rakel Magnúsdóttir, sem vorið 1868 fluttu búferlum frá Uppsölum í Hraungerdishrepp innan Árnes-sýslu að Hvaleyri í Gullbringusýslu, fóru hjeðan úr sýslu veraldlega óhindruð.

Mætti því hlutadeigandi sóknarpresti þóknast að vita hjer á vottorð sitt.–

Skrifstofu Árnessýslu 2 Júli 1869.–

Thórarinsen.

Borgun 2 ℳ (tvö mörk)
Th.

Addg. 598/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinnvegar skrifuð hjón: Hjörtur Guðmundsson, nú 61 ára og Rakel Magnúsdóttir, nú 54 ára, ásamt barni þeirra Herdísi, fæddri 5. júlí 1858, viku í fyrravor búferlum frá Uppsölum í Laugardæla sókn að Hvaleyri í Garðasókn á Álptanesi, hjálp-að kirkjunnar lögum.

Hraungerði, 5. Júlí 1869.

Sæm Jónsson



Borgun 12
: tólf sk. r. m.
S. J.

16
54
70 ár

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rakel Magnúsdóttir:

Segist hafa verið 9 ár samfleytt í svonefndu Þorvaldskoti, er byggt var í Hvalegrartúni, bæði með manni sínum og eftir það hann dó, þaðan fór hún að Núpskoti (í Bessastaðasókn?), og verið þar í 1 ár. Síðan (þaðan) inní Reykjavík í ~~Eyjuta~~ Helgabæ til Guðmundar sonar síns, verið þar í 3 ár, þaðan farið með honum í Vigdísar Waagers hús, verið þar í 3 ár, og það-an farið í bæ Helga Teitssonar í Hlíðarhús-um, og verið nú síðan liðið hartnær hálft 3ja ár.

Tekið rjett eftir skýrslu hennar.

Rvík, 8. sept. 1885.

Vottar:

Jón Borgfirðingur.

Afsk. 598/85.

Hún segist vera á 3ja ári yfir 70.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir fyrirsögn bæjarfógetans í Reykjavík (í Hlíðarhúsum) höfum við undirskrifaðir gjört aðsjón hjá gamalmenninu Ragn.
og hjá henni er ekkert að finna af matvælum, utan
1/4 ℔ Kaffi og lítið eitt af sykri

September 8. 1885
Þórður Torfason
Ólafur Ólafsson

Adkj 548/85

5 k

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/9

Í vandræðum mínum leyta jeg ásjár yðar, herra bæjarfógeti, að hjálpa mjer um 20 kr. uppá sveit mína, hvar af jeg þarf að greiða í áfallna húsaleigu 15 kr. og svo hinar mjer til viðurværis, og vona jeg yðar góðu bænheyrslu með þetta.

Hlíðarhúsum 1. sept. 1885

Auðmjúkast

Rakel Magnúsdóttir.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík

Rgj 595/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur